

Fundur skólaráðs 6. nóvember 2013

2. fundur haustið 2013

Mættir:

Fulltrúar foreldra: Marína Sigurgeirsdóttir og Helga Vilhjálmsdóttir

Fulltrúi kennara: María Aðalsteinsdóttir

Fulltrúi nemenda: Alexandra G. B. Haraldsdóttir

Fulltrúi starfsmanna: Kristín ritari

Fulltrúi skólastjórnar: Kristín skólastjóri.

1. Farið yfir nýja **starfsáætlun** sem unnið hefur verið að. Almenn ánægja með hana en nokkrar ábendingar komu:
 - a. Bæta við upplýsingum um hvert foreldrar eigi að leita hafi þeir áhyggjur af félagslegri eða námslegri stöðu barna sinna.
 - b. Bæta ráðgjöf frá Miðstöð skólaþróunar við HA undir kaflann *Stoðþjónusta*.
 - c. Bæta ráðgjöf Helgu Hauks á skóladeild vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku undir kaflann *Stoðþjónusta*.

2. Stutt umfjöllun um nýja **skólanámskrá Oddeyrarskóla**. Rætt um hvernig kennarar birta áætlanir fyrir hvern bekk, virðist tilviljanakennt hvort og hvernig áætlanir eru birtar. Bent á mikilvægi þess að foreldrar hafi aðgang að kennslu-/námsáætlunum barna sinna til að fylgja námi þeirra eftir. Þetta verður tekið fyrir í skólanum. Rætt um hvernig hægt er að nýta Mentor í þessa birtingu.

Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 11. desember kl. 8:10.